

## Dagskrá fullveldishátíðar 1. desember 2018



Ríkisstjórn Íslands efnir til fullveldishátíðar í tilefni þess að 100 ár eru liðin síðan Ísland öðlaðist fullveldi. Fjölbreyttir viðburðir ætlaðir almenningi verða í helstu menningarstofnunum þjóðarinnar auk þess sem boðið verður til veislu víða um landið. Hátíðarviðburður í Hörpu að kvöldi fullveldisdagsins verður opinn almenningi, gegnum sérstaka gátt í miðasölu Hörpu. Við þessi tímamót er viðeigandi að beina sjónum til framtíðar, því var leitað til ungs fólks við undirbúning hátíðarinnar. Hugarflugsfundir voru meðal annars haldnir í samstarfi við KrakkaRÚV, RÚV núll og stúdentafélög háskólanna, auk þess sem fjöldi stofnana og félagasamtaka hefur lagt hönd á plóg. Það er því sýn ungs fólks til næstu 100 ára sem er leiðarstef dagskrárinnar.

*Boðið verður upp á sýningar, samræður, spuna, söng og sögur af öllu tagi, sögur sem ungt fólk tekur þátt í að velja, semja og útsetja. Horft verður fram á veginn, til næstu 100 ára með sögu síðustu aldar í farteskinu. Sjónum verður beint að íslenskrri tungu en einnig varpað ljósi á þær breytingar sem eru að verða á samsetningu þjóðarinnar – sem er af fjölbreyttum uppruna, á margbreytilegum aldri, með ólíka getu, af öllum kynjum og talar 100 tungumál.*

Dagskráin er birt með fyrirvara um að fleiri dagskrárliðir bætist við, auk þess sem einhverjar tímasetningar kunna að breytast. Dagskráin er kynnt í samvinnu við afmælisnefnd fullveldisafmælisins og eru upplýsingar um einstaka viðburði aðgengilegar á heimasíðunni [www.fullveldi1918.is](http://www.fullveldi1918.is). Myllumerki fullveldishátíðar 1. des. er #fullveldisdagurinn.

### 11:00 Stúdentar og fullveldið. Við erum lykillinn ...

Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) standa fyrir viðburði í fimm háskólum landsins með það að markmiði að endurnýja samband stúdenta við fullveldið og gangast við ábyrgð á framtíð þess. Erindi íslenskra stúdenta varðar m.a. *nýsköpun í menntun og baráttumál samfélags dagsins í dag og nánustu framtíðar*. Það verður flutt á óhefðbundinn máta og notaðar skapandi aðferðir við að koma því á framfæri.

*Háskóli Íslands:* Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ), Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) og samtök íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE)

*Háskólinn í Reykjavík:* Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR)

*Listaháskóli Íslands:* Nemendaráð Listaháskóla Íslands (NLHÍ)

*Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri:* Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) og Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB)

*Háskólinn á Akureyri:* Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) og Stúdentafélag Hólaskóla (SH).

### 13:00 Fullveldishátíðin sett – Framan við Stjórnarráðshúsið

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra setur hátíðina. Haldin verða stutt ávörp í bland við tónlistarflutning. Ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna tekur virkan þátt í athöfninni og tveir fulltrúar ráðsins ávarpa viðstadda, þau Kristbjörg Mekkín Helgadóttir og Mathias Ölvisson. Þá mun Jelena Ćirić tónlistarkona flytja ávarp. Söngfólk ásamt blásarasveit annast tónlistarflutning við athöfnina. Tónlistarteymi: Hildigunnur Einarsdóttir, Hilmar Örn Agnarsson, Nanna Hlíf Ingvadóttir og Samúel Jón Samúelsson. Rauði krossinn mun bjóða upp á heitt kakó á Lækjartorgi í tilefni dagsins.

### 13:30 – 18:00 Fjölbreytt dagskrá menningarstofnana þjóðarinnar

#### 13:30 – *Alþingi Íslendinga býður heim*

Alþingishúsið opnað almenningi, forseti Alþingis og þingmenn taka á móti gestum til kl. 18:00.

#### 14:00 – *Vatnið í náttúru Íslands. Náttúruminjasafn Íslands í Perlunni*

Náttúruminjasafn Íslands opnar sína fyrstu stóru sýningu. Sýningin veitir á nýstárlegan hátt innsýn í eina mikilvægustu auðlind landsins, vatnið okkar dýrmæta, leyndardóma þess og mikilvægi fyrir farsæla framtíð og búsetu í landinu. Sérstaklega býður Vatnskötturinn börnin velkomin og fylgir þeim um króka og kima sýningarinnar. Mennta- og menningarmálaráðherra flytur ávarp ásamt forstöðumanni safnsins og Söngsveitin Fílharmónía flytur tónlist tengda vatni undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar. Sýningarstjóri og aðalhönnuður: Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir.

#### 14:30 – *Fáni fyrir nýja þjóð. Harpa 5. hæð*

Sýndir fána sem ekki hafa komið fyrir augu þjóðarinnar áður, t.d. Kjarvalsfáninn úr samkeppninni um fánann 1914 ásamt fánatillögu Kristjáns X. Í tilefni fullveldisafmælisins hafa tveir myndlistarmenn, þau Elín Hansdóttir og Arnar Ómarsson, og tveir hönnuðir, þau Kristín Þorkelsdóttir og Jakob Sturla Einarsson, fengið það verkefni að hanna nýja fána fyrir framtíðarþjóðina og verða fána þeirra hluti af sýningunni. Hönnunarsjóður veitti styrk til sýningarinnar. Sýningarstjóri: Hörður Lárusson.

#### 14:30 – *Ný ásýnd Þjóðminjasafns og ársmiðinn innifalinn. Þjóðminjasafn Ísland*

Í tilefni fullveldisafmælis kynnis Þjóðminjasafn Íslands veglega gjöf til þjóðarinnar sem felst í því að hver aðgöngumiði í Þjóðminjasafnið og Safnahúsið mun gilda sem árskort frá 1. desember 2018 til 30. nóvember 2019. Þá býður safnið til kynningar á nýrri ásýnd Þjóðminjasafnsins sem markast af sterkum litum með skýra tilvísun í þjóðminjar og menningararf. Hönnuðir: Jónsson & Lemacks: Sigurður Oddsson, Albert Muñoz, Þorleifur Gunnar Gíslason og Svala Hjörleifsdóttir.

#### 15:00 – *Með ungum augum. Lifandi leiðsögn Leynileikhússins um sýningar Þjóðminjasafnsins*

Hvernig sjá ung augu fornan menningararf Íslands? Í hvaða áttir beina túlkendur á unglings- og barnsaldri hugsun gesta um söguna? Gestum safnsins er boðið að ganga í gegnum grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands *Þjóð verður til. Menning og samfélag í 1200 ár* og hátíðarsýninguna *Kirkjur Íslands* í Bogasal, Horni og Myndasal Þjóðminjasafnsins í fylgd skipandi ungmenna.

#### 15:00 – *Heimildir.is. Þjóðskjalasafn Íslands*

Opnaður nýr vefur sem veitir aðgang að eftirsóttum heimildum í vörslu safnsins, þúsundir skjalabóka og korta verða þannig aðgengileg á einum stað. Jafnframt verða þúsundir skjala í danska ríkisskjalasafninu gerð aðgengileg við þetta tækifæri, skjöl úr dönsku utanríkisþjónustunni sem snerta íslenska sögu í upphafi fullveldistímans. Sú birting er samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns Íslands og Ríkisskjalasafns Danmerkur í tilefni af fullveldisafmælinu. Heimildir.is og hið aukna aðgengi er gjöf Þjóðskjalasafnsins til Íslendinga á afmælisárinu. Dagskráin er öllum opin og fá gestir að gjöf bókina *Danska sendingin* sem safnið gefur út í tilefni afmælisins. Forsætisráðherra Danmerkur, Lars Løkke Rasmussen, verður viðstaddur athöfnina.

#### 15:30 – *Máltækni og menntir. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Háskóli Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Miðstöð íslenskrar máltækni (Almannarómur) í Veröld – Húsi Vigdísar*

Máltækniáætlun stjórnvalda í umsjón Almannaróms verður kynnt og varpað ljósi á möguleika íslenskunnar í stafrænum heimi. Opnuð verður sýning á myndverkum dönsku listakonunnar Karin

Birgitte Lund en myndir hennar skreyta nýja heildarútgáfu Íslendingasagnanna sem út kom í tilefni afmælisársins. Þá verður kynnt ákvörðun *Det Nationalhistoriske Museum – Frederiksborg Slot* um að stofna tvær stöður nýdoktora til að vinna rannsóknarverkefni byggð á norrænni arfleifð og áhrifum hennar á vísindi, menningu og listir. Margrét II. Danadrottning verður viðstödd athöfnina og afhendir nýdoktorunum viðurkenningar. Háskólaþráttur undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar syngur fyrir gesti.

**16:00 – Lífsblómið.** Listasafn Íslands, Árnastofnun og Þjóðskjalasafn Íslands  
Viðburður tengdur sýningunni. Sýningarstjóri: Sigrún Alba Sigurðardóttir.

**17:30 – Nocturno. Safnahúsið**

Ljósainnsetning. Videoverkið Nocturno verður tendrað utan á Safnahúsinu við Hverfisgötu. Verkið er eftir Samuel Miro og Delainy Kennedy.

## 20:00 – Íslendingasögur. Sinfónísk sagnaskemmtun í Eldborg, Hörpu

Í tilefni 100 ára afmælis fullveldisins býður ríkisstjórn Íslands þjóðinni til veislu. Almennungi verður gefinn kostur á að panta miða gegnum sérstaka gátt sem opnuð verður í miðasölu Hörpu og verða miðarnir án endurgjalds. Hátíðarviðburður fullveldisdagsins er nýstárleg sýning í tali og tónum, byggð á sögum Íslendinga fyrr og nú, ofin í myndrænan ljósagjörning. Eftir að Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og Margrét II. Danadrottning hafa ávarpað gesti mun Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt einleikurum, söngvurum og leikurum spinna sinfónískan sagnavef ásamt kórnum Schola cantorum og kór Menntaskólans við Hamrahlíð. Í sýningunni er horft fram á veginn til næstu 100 ára með sögu síðustu aldar í farteskinu. Í þessum sinfóníska vef verða fólgnar fjölbreyttar gersemar, t.d. verður frumflutt sigurlag samkeppni afmælisnefndar fullveldisafmælisins, „Landið mitt“ eftir Jóhann G. Jóhannsson, auk frumflutnings á verki eftir Báru Gísladóttur sem samið var gagnert fyrir þetta tilefni. Þá verður flutt ný útgáfa verksins Ad Genua eftir Önnu Þorvaldsdóttur við texta Guðrúnar Evu Mínervudóttur. Þar er um að ræða frumflutning á Íslandi. Listrænn stjórnandi sýningarinnar er Arnbjörg María Danielsen sem ásamt danska video-listamanninum Lene Juhl Nielsen og ljósaönnuðinum Kasper Wolf Stouenborg annast sjónræna útfærslu og umgjörð sýningarinnar. Hljómsveitarstjóri er Bjarni Frímann Bjarnason. Sýningin, sem unnin er í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hörpu og RÚV, verður í beinni sjónvarpsútsendingu á RÚV.

## 22:00 – Fokkað í fullveldinu<sup>1</sup> – fullveldisuppistand, kabarett og spuni. Þjóðleikhúsið

Improv Ísland, Reykjavík–Kabarett, Sirkus Íslands, Vandræðaskáldin, Sprite Zero Klan og fleiri uppistands- og spunahópar sem eiga heimilisfesti í Leikhúskjallaranum fá stóra sviðið til umræða og horfa um stund til framtíðar fullveldisins með sínum augum. Leikstjóri: Agnes Wild

**Listi yfir viðburði** á dagskrá afmælisnefndar sem fram fara víða um land – hér er einungis um örfáa viðburði að ræða af öllum þeim fjölda sem gerð er grein fyrir á heimasíðunni [www.fullveldi1918.is](http://www.fullveldi1918.is).

### 13:00–14:00 Árbæjarsafn

Fullveldiskaffi með Ara Eldjárn – Uppistand

### 13:00–15:00 Menntaskólinn á Egilsstöðum, Austurland

„Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi“. Tengsl fullveldis og sjálfbærni á Austurlandi með hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna

Húsnæði Menntaskólans verður nýtt til hins ítrasta, sýningarnar fjórar þar sem Heimsmarkmiðin eru spegluð í gegnum líf austfirska barna verða settar upp þennan eina dag á sama stað. Nemendur ME varpa ljósi á umhverfismál og sjálfbæra þróun fyrr og nú og ekki síst til framtíðar. Kaffiveitingar á þjóðlegum nótunum, austfirsk ungskáld, lokaverkefni er tengjast sjálfbærri þróun, fjölbreyttar sýningar og teiknimyndasmiðja er meðal þess sem verður í boði.

<sup>1</sup> Íslenska blótsyrðið „fokka“ er slangur tekið upp úr enskri tungu á árunum upp úr 1980. Orðið á sér einnig rammíslenskan uppruna. Allt frá 17. öld hefur sagnorðið að fokka og nafnorðið fokk átt sér þegnrétt í íslensku. Það virðist hafa haft fjölbreytilega merkingu. Sögnin var notuð um það að dunda eða gauja og nafnorðið merkir droll eða litilfjörlegt starf.

### 13:00–16:00 Kjarvalsstaðir

*Vísindafélag hverra? – Málþing í tilefni 100 ára afmælis Vísindafélags Íslendinga*

Setja má stofnun Vísindafélags Íslendinga í beint samhengi við samþykkt sambandslaganna 1918 og þær framtíðarvonir sem þau glæddu, m.a. fyrir vísindastarf á Íslandi. Á málþinginu verður sjónum beint að sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar, hvernig hún hefur mótast og verið mótuð í gegnum tíðina. Fræðimenn á sviði listranssóknna, bókmennta og mannfræði skoða hugmyndir um íslenska þjóð og íslenskt þjóðríki frá ýmsum sjónarhornum og velta því fyrir sér hvort og hvernig komandi kynslóðir muni bera þær hugmyndir áfram inn í aðra öld fullveldis.

### 13:00 Borgarbókasafn, Menningarhúsinu í Grófinni

*Fullvalda konur og karlar – Ljósmyndasýning*

Á sýningunni er varpað ljósi á mikilvægan þátt kvenna í sjálfstæðisbaráttunni. Sýningin er nýstárleg að því leyti að myndum er varpað á tjald í glugganum á Borgarbókasafninu og sýningin því aðgengileg vegfarendum. Hönnuður: Þórey Mjallhvít.

### 14:00–16:00 Listasafn Árnesinga, Bókasafnið í Hveragerði, Suðurland

*Hvernig vinna grunnskólabörn með fullveldishugtakið? - Menningardagskrá barna byggð á listflutningi þeirra og höfundarverkum*

Undanfari sýningarinnar er samkeppni sem efnt hefur verið til meðal grunnskólabarna í Hveragerði. Viðfangsefnin eru annars vegar texti en hins vegar myndlistarverk. Tónlistarskóli Árnesinga tekur þátt í verkefninu.

### 15:00 Listasafnið á Akureyri

*Fullveldið endurskoðað – Taka tvö – Rósaboðið*

Fjórar rósir þjóða til veislu. Rósirnar spruttu hver á sínum stað og hver á sinni stund liðinnar aldar og hver og ein leggur sitt á borð til hátíðarhaldanna. Gjörningur fluttur af listakonunum Heklu Björt Helgadóttur og Brák Jónsdóttur.

### 16:00 – 17:30 Reykholtskirkja, Vesturland

*Fullveldi til fullveldis – Tónleikar Trio Danois byggðir á stiklum úr tónlistar- og menningarsögunni*

Trio Danois skipa þau Jónína Erna Arnardóttir, Morten Fagerli og Pernille Kaarslev. Bergþór Pálsson söngvari verður veislustjóri.

### 20:00 Hamraborg, Hof Akureyri, Norðurland eystra

*Fullveldiskantata eftir Sigurð Ingólfsson og Michael Jón Clarke frumflutt á tónleikum í Hofi*

Fullveldiskantatan er nýtt verk í söngleikjastíl unnið í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Fram koma einsöngvarar ásamt kórnum Hymnodia, ungmennakór og ungum strengjaleikurum. Verkið er ljóðræn útfærsla á þeim breytingum sem verða hjá þjóðinni frá því að hún byrjar að líta hugdjarfari en fyrr til framtíðar, losa af sér hlekk og „klakabönd“ fortíðar. Stjórnandi er Michael Jón Clarke.

### 20:00 Menningarhúsið Miðgarður, Varmahlíð Skagafirði, Norðurland vestra

*"Hver á sér fegra föðurland" – Skemmtidagskrá kóranna Sóldísar og Heimis*

Ungu söngfólki í Skagafirði afhent keflið og því falið að þroska áfram söngmenningu héraðsins.

**Lesið í línur** – Veðurstofan verður þátttakandi í hátíðinni varðandi þætti er tengjast heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Sérfræðingar Veðurstofunnar varpa ljósi á útlínur bráðnandi jökla auk línu sem markar hækkun sjávarborðs miðað við Stjórnarráðshúsið eftir 100 ár, 200 ár ... . Ef ekkert verður gert til að draga úr losun koltvísýrings. Verkefnið verður unnið í samstarfi við RÚV núll.

**RÚV** – samstarf er lykillinn að því að koma dagskrá fullveldishátíðar til þjóðarinnar. Frá því undirbúningur hófst hafa dagskrárgerðarmenn RÚV tekið virkan þátt í hugmyndavinnunni, sérstaklega starfsmenn **KrakkaRÚV** og **RÚV núll**. Hátíðardagskránni verða gerð skil í þáttum RÚV og hátíðarviðburðurinn í Hörpu verður í beinni útsendingu sjónvarpsins.